Kubbur - Snjóflóðavarnir á Ísafirði



Verkið felur í sér uppsetningu á stoðvirki úr stáli, (snow bridges), einnig kallaðar stálgrindur eða grindur, á upptakasvæðum snjóflóða til snjóflóðavarna í Bröttuhlíð í fjallinu Kubba ofan Holtahverfis á Ísafirði.

Framkvæmdarsvæðið er í 100 – 350 metrum yfir sjávarmáli í brattri fjallshlíð og klettabeltum og er lagður vegslóði upp að 160 metrum til að auðvelda flutning á starfsmönnum og efni. Heildarlengd stoðvirkjanna er um 1.992 metrar, dreift á 29 línur og bora þarf 1.400 holur fyrir bergfestur og moka fyrir 700 undirstöðum sem halda uppi grindunum.

Þar sem aðstæður eru erfiðar sökum hæðar og legu lands, verða þyrlur notaðar að mestu leyti við efnisflutninga. Gert er ráð fyrir að aðeins sé hægt sé að vinna við verkið yfir sumarmánuðina vegna veðurs og snjóa.

Helstu magntölur
Borun bergfesta: 1.400 holur
Uppsetning stoðvirkja: 1.992 metrar

Verkkaupi
Ísafjarðarbær

Upphaf framkvæmda
Ágúst 2016

Burðarþol
Verkís

Eftirlit
Framkvæmdasýsla ríkisins

Lok framkvæmda
September 2018

Byggingastjórn
ÍAV

Íslenskir aðalverktakar hf.
Höfðabakka 9
IS 110 Reykjavík

Tel. +354 530 4200
Fax. +354 530 4205
iav@iav.is

www.iav.is